

Nd. 165. Frumvarp til laga

um nýbyggingarsjóð fiskiskipa.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar (GG).

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist nýbyggingarsjóður fiskiskipa og er undir umsjón ríkisstjórnarinnar fyrst um sinn.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem ríkissjóður innheimtir samkvæmt lögum nr. 63 28. jan. 1935. Undanskilinn er þó sá hluti útflutningsgjaldsins, sem sérstaklega er ráðstafað í lögum nr. 110 9. okt. 1941, um fiskveiðasjóð Íslands.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja með fjárframlögum og á annan hátt endurnýjun og aukningu fiskiskipaflota landsmanna, eftir reglum, er settar verða á Alþingi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. En tekjur þær, er um ræðir í 2. gr., renna í nýbyggingarsjóð fiskiskipa frá 1. jan. 1943.

Greinargerð.

Það er ein af lífsnauðsynjum þjóðarinnar, að fiskiskipaflotinn verði endurnýjaður og aukinn svo fljótt, að skipakostur standi ekki fiskveiðum landsmanna fyrir þrifum, þegar atvinnulíf og viðskipti færast í venjulegt horf. Er ríkisvaldinu skylt að hafa fyrirhyggju í þessu efni, og er þá eðlilegast að afla nokkurs fjár í því skyni.

Samkvæmt lögum, sem lengi hafa verið í gildi, er greitt til ríkissjóðs útflutningsgjald af sjávarafurðum. Á fóðurmjöli og sild er gjald þetta miðað við þunga, en á öðrum vörum yfirleitt við útflutningsverðmæti, og er nú $1\frac{1}{2}\%$. En Alþingi 1941 ákvað, að $\frac{1}{4}$ hluti þessa fjár skyldi renna í fiskveiðasjóð Íslands, og hefur svo verið síðan, en $\frac{3}{4}$ hlutar upphæðarinnar teljast enn með öðrum tekjum ríkissjóðs og er ekki sérstaklega ráðstafað í þarfir sjávarútvegsins.

Því hefur oftast en einu sinni verið hreyft á Alþingi, að fé þetta ætti ekki að renna í ríkissjóðinn, heldur ætti að verja því sérstaklega sjávarútveginum til eflingar. Hingað til hefur Alþingi þó ekki þótt fært að svipta ríkissjóðinn þessum tekjustofni. Nú er hins vegar margt breytt frá því, sem áður var, og ríkissjóði hefur nú undanfarið orðið gott til tekna. Virðist því tími til kominn, að ríkissjóður láti tekjustofn þennan af hendi, og það því fremur, sem þörf er á að afla fjár með einhverjum hætti til að tryggja framtíð sjávarútvegsins. Telur flm. bezt fara á því, að útflutningsgjaldið verði á árinu 1943 og framvegis lagt í sérstakan sjóð, sem varið verði til að stuðla að nýbyggingu fiskiskipa. Er þá féð fyrir hendi, þegar á því þarf að halda, og það er aðalatriðið í þessu sambandi.

Í þessu frv. eru engin nánari ákvæði um starfsaðferðir sjóðsins í þágu nýbyggingar fiskiskipa. Á þessu þingi hefur verið borin fram tillaga um millipinganefnd í sjávarútvegsáttal, sem ætla má, að samþykkt verði, og væri þá eðlilegt, að sú nefnd legði ráð á um, hversu fénu skuli verja. Koma þar ýmsar aðferðir til greina, svo sem vaxtalækkun á stofnlánum til fiskiskipa, áhættulán gegn 2. og 3. veðrétti í skipum, byggingarstyrkir eða vaxtalaus lán til skipa og e. t. v., að sjóðurinn láti sjálfur byggja skip, sem seld yrðu eða leigð bæjar- og sveitarfélögum eða fiskimönnum og félögum þeirra. Vill flm. ekki að svo stöddu gera tillögur um, hverjar af þessum leiðum skuli fara, enda mætti vel svo fara, að á næsta Alþingi (síðar á þessum vetri) yrði ýmislegt í því sambandi auðsærra en nú.

Fyrir Alþingi því, er nú situr, liggur frv. um breyting á lögum um fiskveiðasjóð Íslands. Er þar lagt til, að útflutningsgjald sjávarafurða verði látið renna í fiskveiðasjóð og að verulegu leyti notað þar til höfuðstólsaukningar, en nokkrum hluta þess sé þó varið til að „veita styrki til kaupa og byggingar nýrra skipa, sem fiskveiðasjóður veitir 1. veðréttar lán til og minni eru en 150 smálestir brúttó.“ Í því frv. eru einnig ákvæði um vaxtakjör í fiskveiðasjóði og að fella niður lántökuheimild sjóðsins (4 millj. kr.), sem draga mundi úr möguleikum hans til að auka starfsemi sína. Sjávarútvegsnefnd neðri deildar hefur haft þetta frv. til meðferðar. Hefur nefndin í því sambandi leitað umsagnar fiskveiðasjóðs, Fiskifélags Íslands, fiskimálanefndar, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Landssambands útgerðarmanna. Fjórar þessara stofnana, fiskveiðasjóður, Fiskifélagið, fiskimálanefnd og Farmanna- og fiskimannasambandið, hafa svarað bréfum nefndarinnar. Eru stofnanir þessar í ýmsum atriðum mótfallnar frumvarpinu og gera sjálfar tillögur, sem eru a. m. k. athygli verðar. Sýnir þetta m. a., að full ástæða er til að gefa væntanlegri millipinganefnd kost á að rannsaka málið og gera sínar tillögur um, á hvern hátt bezt megi og haganlegast styðja nýbyggingu fiskiflotans.

Vel má svo fara, að nýbyggingasjóður fiskiskipa, ef stofnaður verður samkv. þessu frv., þyrfti á meira starfsfé að halda en útflutningsgjaldinu. Kæmi þá til greina að leggja fram fé í þessu skyni úr framkvæmdasjóði ríkisins, sem nú á að geyma hluta af tekjuafgangi ríkisins á s. l. tveim árum.

Nánari ákvæði um starfsemi nýbyggingarsjóðs fiskiskipa yrðu væntanlega sett á næsta Alþingi síðar á þessum vetri. En fyrir flm. vakir, að starfsemi sjóðsins verði a. m. k. fyrst um sinn miðuð við fiskiskip, sem minni eru en 150 smálestir brúttó.

Útflutningsgjald rikissjóðs af sjávarafurðum er í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1943 áætlað 1 millj. 700 þús. kr.

Þess skal getið, að samkvæmt opinberum upplýsingum í árslok 1939 voru þá hér á landi 615 skrásett fiskiskip (þilbátar og þilskip), samtals 26432 rúmlestir. Í árslok 1942 eru fiskiskipin talin 526, samtals 25990 rúmlestir.